

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hverju sætir að enn hefur ekki verið ráðist í úrbætur í fjarskiptamálum í Norður-Þingeyjarsýslu, einkum hvað varðar tengingar Raufarhafnar og Kópaskers við ljósleiðarann?
2. Hvað kosta nauðsynlegar úrbætur til þess að fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikar komist í forsvaranlegt horf, viðunandi öryggi verði tryggt og unnt verði að anna eftirspurn á viðkomandi svæði?
3. Hefur ráðherra beitt sér í málinu gagnvart Landsímanum?
4. Hvenær er þess að vænta að úrlausn fáiist?
5. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir fjárveitingum á fjárlögum til að styrkja grunnfjarskiptanetið á strjálbýlum svæðum ef sýnt þykir að fjarskiptafyrirtæki láti úrbætur þar sitja á hakanum?